



U M S Ö G N

Efni: Umsögn um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Dagsetning: 23.03.2023

Höfundur: Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri Fjallabyggðar

Málsnr.: 2303042 / SI

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt frá 10. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að skýrslu starfshóps um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem byggja á niðurstöðum starfshópsins.

Á 783. fundi bæjarráðs Fjallabyggðar 21. mars 2023, var tekið fyrir neðangreint erindi:

2303042 - Gagngerar breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Innviðaráðuneytið vekur athygli á því að í samráðsgátt stjórnválda hafa verið kynntar gagngerar breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Breytingarnar miða að því að bæta gæði jöfnunar og einfalda útreikninga og skipulag sjóðsins. Þá er það markmið að umgjörð sjóðsins endurspegli og fylgi þróun sveitarfélagagerðarinnar.

Eftirfarandi var bókað:

„Bæjarráð Fjallabyggðar mótmælir harðlega drögum að frumvarpi til nýrra heildarlaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem byggja á niðurstöðum starfshóps um endurskoðun á regluverki sjóðsins.

Verði drögin samþykkt óbreytt þá munu framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Fjallabyggðar minnka um 34.600.000 kr. og vandséð hvernig því yrði mætt án þess að til kæmi skerðing á þjónustu. Bæjarráð gerir því verulegar athugasemdir við tillögur að breytingum á regluverki sjóðsins og gagnrýnir harðlega knöpp tímamörk umsagnarfrests í svona mikilvægu máli. Bæjarstjóra er falið að koma sjónarmiðum Fjallabyggðar á framfæri.“

Ofangreind afgreiðsla bæjarráðs Fjallabyggðar tilkynnist hér með.


Sigríður Ingvarsdóttir
bæjarstjóri Fjallabyggðar